



Launavísitala í febrúar – kaupmáttur enn mikill

Launavísitalan hækkaði um 0,3% milli janúar og febrúar samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,3%, sem er sami árstaktur og verið hefur síðustu þrjá mánuði.

Síðustu tvær áfangahækkanir kjarasamninga komu til framkvæmda 1. janúar 2021 og 2022 og var hækking launavísitölunnar 3,7% í bæði skiptin. Nú í febrúar var hækking vísitölunnar sú sama og í febrúar fyrra, 0,3%. Árshækkunartaktur launa hefur verið vel yfir 7% allt frá lokum árs 2020 sem er töluvert hærra en hefur verið frá miðju ári 2017. Töluverð hreyfing er því sífellt á launaþróun og áfangahækkanir vegna kjarasamninga hafa að undanfögnu einungis skýrt um helming hækkunar launa.

Kaupmáttur nokkuð mikill og stöðugur þrátt fyrir mikla verðbólgu


Verðbólga í febrúar 2022 mældist 6,2% en árshækkun launavísitölunnar um 7,3%. Kaupmáttur launa jókst því um 1,1% milli febrúarmánaða 2021 og 2022 þrátt fyrir óvenju mikla verðbólgu. Kaupmáttur í febrúar var sá næst hæsti í sögunni. og kaupmáttur launa er því áfram nokkuð stöðugur og sterkur þrátt fyrir þau áföll sem efnahagslífið hefur orðið fyrir.

Opinberi markaðurinn hækkar meira

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópnum á vinnumarkaðnum milli 4. ársfjórðungs 2020 og 2021 sést að laun á almenna markaðnum hækkuðu áfram mun minna en á þeim opinbera. Launin hækkuðu um 6,4% á almenna markaðnum á þessum tíma og um 10% á þeim opinbera, þar af 9,3% hjá ríkinu og 10,8% hjá sveitarfélögum.


Óvenju mikið bil myndaðist á milli launaþróunar á opinbera og almenna markaðnum á síðasta ári og virðist það ekki fara minnkandi. Opinberi markaðurinn er því áfram leiðandi í launabreytingum.

12 mánaða hækkingartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun hópa á vinnumarkaði á 4. ársfjórðungi 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Mismunandi þróun launa innan atvinnugreina

Milli 4. ársfjórðungs 2020 og 2021 hækkuðu laun áberandi mest í veitinga- og gististarfsemi, eða um 9,9%. Á hinum endanum er fjármála- og váttryggingarstarfsemi með 4,1% hækkun. Á þessu tímabili hækkaði launavísitalan fyrir allan vinnumarkaðinn um 7,5%. Á þessum tölum má glöggst sjá áhrif krónutöluhækkana á launaþróun. Í greinum þar sem laun eru almennt lág hækka þau hlutfallslega mikið og minna í greinum þar sem laun eru hærri.

Launahækkun 1. maí


Nú er orðið ljóst að hagvaxtarauki lífskjarasamninganna mun virkjast í ár sem felur í sér að grunnlaun munu hækka þann 1. maí á öllum vinnumarkaðnum.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar hækkaði verg landsframleiðslu á mann um 2,5% á milli 2020 og 2021. Miðað við það hækka taxtalaun samkvæmt lífskjarasamningnum um 10.500 krónur á mánuði en almenn launahækkun er 7.875 krónur á mánuði.

Þessi niðurstaða kemur sumum spánskt fyrir sjónir, þar sem meðalhagvöxtur árána 2020 og 2021 var að meðaltali neikvæður um 1,9% og meðaltal breytingar landsframleiðslu á mann neikvæð um 3% þessi tvö ár.


Undirbúningur fyrir næstu samningaviðræður er greinilega að hefjast og búast má við að þær viðræður verði erfiðar að mörgu leyti. Ástandið í heimsbúskapnum og atvinnulífi hér á landi er háð mikilli óvissu og þá er á þessari stundu alls ekki ljóst hvaða hópar munu kjósa að ganga saman til samninga og hverjir muni reyna að brjóta ísinn.

Launaþróun á tveimur mörkuðum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun eftir atvinnugreinum - breyting á 4. ársfj. 2021



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.